

Nefndabing Alþingis
Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík



Selfossi, 10. febrúar 2021

Efni: Umsögn um mál nr 424, frumvarp til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga (atvinnusjúkdómar, miskabætur ofl).

Félag slökkviliðsstjóra á Íslandi vill koma á framfæri sjónarmiðum sínum í umsögn sinni um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015 (atvinnusjúkdómar, miskabætur ofl.), þingskjal 671, mál 424.

Á Íslandi eru starfandi um 1000 slökkviliðsmenn, af þeim eru rúmlega 400 sem eru í fullu starfi. Þeir einstaklingar sem sinna þessum störfum eru útsettir fyrir starfsumhverfi sem vísindalega hefur verið sannað að auki líkur á heilsubresti þá sérstaklega ákveðnum gerðum krabbameina.

Samkvæmt rannsóknum eru slökkviliðsmenn allt að tvöfalt líklegri til að fá ákveðnar gerðir krabbameina.¹

Félag slökkviliðsstjóra á Íslandi (FSÍ), telur brýnt að þeir atvinnutengdu sjúkdómar sem vísindalegar rannsóknir hafa staðfest að slökkviliðsmenn séu útsettir fyrir séu viðurkenndir í lögum og einstaklingum sé tryggður bótaréttur vegna þeirra.

Á vef Aþjóða vinnumálastofnunarinnar ILO er vísað í ritrýnda grein úr Nature2 þar sem rýnt er í rannsóknir á atvinnutengdum krabbameinum hjá slökkviliðsmönnum. Einnig hefur Vinnuverndarstofnun Evrópu birt stóra samantekt á rannsóknum á atvinnutengdum krabbameinum3.

FSÍ skorar á stjórnvöld að rýna niðurstöður þessara rannsókna en einnig LeMasters4 rannsóknina sem inniheldur viðamikla tölfræði um einstaka þætti. Mikilvægt er að fara í vinnu við að tryggja að þeir starfsmenn slökkviliða sem greinast með krabbamein sem teljast samkvæmt vísindalegum niðurstöðum starfstengd séu verndaðir samkvæmt lögum þessum.

¹ <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.1081.4412&rep=rep1&type=pdf>

2

https://labordoc.ilo.org/discovery/fulldisplay/cdi_doaj_primary_oai_doaj_org_article_a8a23368c03d4fce874beadf51099ac4/4ILO_INST:41ILO_VI

<https://www.nature.com/articles/s41598-018-20616-6>

³ <https://osha.europa.eu/en/publications/exposure-carcinogens-and-work-related-cancer-review-assessment-methods>

⁴ Sama rannsókn og í FN 1

Fyrir hönd Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi,

Pétur Pétursson, formaður FSÍ